

Nd. **688. Frumvarp til laga** [18. mál]
um meðferð opinberra mála.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 18 með þessum breytingum:

13. gr. hljóðar svo:

Í málum samkvæmt 5. gr., 3. málsgr., kveður héraðsdómari meðdómendur til að frumprófi loknu eða síðar, ef þá reynist ástæða til. Taka meðdómendur þátt í rann-

sókn, málsmeðferð og dómsuppsögn. Héraðsdómari stýrir dómi og kveður einn upp úrskurði, þá er efni verða til, skipar sækjanda og verjanda, ákveður málshöfðun, gefur út stefnur, nefnir skoðunar- og matsmenn, spyr sökunaut, heitfestir vitni og spyr þau, sér um samningu dóms og áfrýjun og kemur yfir höfuð fram út á við fyrir hönd dómsins. Í fjölskipuðum dómi löglærðra manna framkvæma þeir allir þessar athafnir.

47. gr. hljóðar svo:

Dómari getur, þegar öryggi ríkisins krefst þess eða um mikilsverð sakamál er að ræða, úrskurðað hlustanir í síma, sem sökunautur hefur eða ætla má hann nota.

48. gr. hljóðar svo:

Nú er rannsókn háð vegna brots, er varðað getur annaðhvort 20000 króna sekt eða sekt og upptöku eignar, og er þá rétt að gera leit í húsum sakaðra manna, geymslustöðum, hirzlum, skipum og öðrum farartækjum að munum, sem hald skal á leggja, eða annars til öflunar sakargagna.

Leit má gera hjá öðrum mönnum en sökuðum, þegar slíkt brot hefur verið framið þar eða sakaður maður handtekinn eða gildar ástæður eru til að ætla, að þar finnist munir, sem hald ber að leggja á, eða önnur sakargögn, þar á meðal bækur, bréf og önnur skjöl.

100. gr. hljóðar svo:

Dómari lætur vitni fyrst gera grein fyrir heiti sínu, aldri, stöðu og heimilisfangi eða dvalarstað. Síðan brýnir hann alvarlega fyrir því skyldu þess til að gefa sönn og rétt svör við spurningum sínum og draga ekkert undan, er máli skiptir, hvort sem það varðar málsatvik, hæfi þess, sönnunargildi vitnisburðar eða annað. Loks minnir dómari vitni á þýðingu vitnisburðar um málsúrslit og skýrir fyrir vitninu með tilvísun til viðeigandi ákvæða hegningarlaga þá refsíabyrgð, er vitni kann að baka sér með vísvitandi eða gáleysislega röngum framburði, og þá siðferðislegu ábyrgð, sem röngum framburði er samfara.

Að þessu loknu lætur dómari vitni festa með þeim hætti, er nú greinir, heit um sannan framburð sinn:

1. Ef vitni lýsir sig, að gefnu tilefni frá dómara, trúa á guð, og heit samkvæmt því samræmist trúarsannfæring þess, þá skal það lyfta upp hægri hendi sinni og hafa upp eftir dómara þessi orð: Ég sver það og vitna til guðs míns, að ég skal segja það, er ég veit sannast og réttast, og ekkert undan draga. Svo hjálpi mér guð, sem ég satt segi.
2. Nú má ekki svo með fara, sem í 1. tölul. segir, og festir vitni þá heit sitt með þeim hætti, að það lyftir upp hægri hendi sinni og hefur upp eftir dómara þessi orð: Ég lýsi yfir því og legg þar við dregenskap minn og heiður, að ég skal segja það, er ég veit sannast og réttast, og ekkert undan draga.
3. Nú er annar háttur hafður á heitfestingu en sá, er í 1. og 2. tölulið segir, í landi, þar sem vitni hefur dvalizt, svo sem hönd lögð á helga bók, og er þá dómara rétt að hafa þann hátt á, ef hann telur vitni munu fyrir það leggja ríkari helgi og virðingu á heitfestingu.

Dómari getur frestað heitfestingu þar til á síðara stigi málsmeðferðar, og auk þess getur hann látið heitfestingu niður falla, ef sönnunaratríði máls má telja vafalaus. Nú fer heitfesting fram eftir á samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, og breytir dómari þá heitstaf til samræmis við það.

139. gr. hljóðar svo:

Til sakarkostnaðar í opinberum málum telst:

1. Ferðakostnaður dómara og sækjanda og skipaðs verjanda, ef því er að skipta, enda skal greiða þeim óhjákvæmilegan kostnað af ferðalagi vegna rannsóknar og meðferðar málsins,

2. Þóknun skipaðs sækjanda og verjanda.
 3. Þóknun fyrir aðstoð vegna málsins, svo sem skjalabyðingar, dómtúlkun, afnot muna annarra manna o. s. frv.
 4. Gæzlu-, varðhalds- og flutningskostnaður ákærða, þar til framkvæmd refsingar hefst samkvæmt ákvæðum dómsins.
 5. Þóknun til vitna, mats- og skoðunarmanna.
 6. Þingvotta- og birtingargjöld.
 7. Kostnaður af kyrrsetningu samkvæmt 144. gr. og fullnustu dóms með aðför.
 8. Annar óhjákvæmilegur kostnaður.
- Réttargjöld, gjald fyrir eftirrit beinlínis í þágu málsins, stimplun dómsgerða eða staðfestingu skal eigi greiða.

163. gr. hljóðar svo:

Sektir samkvæmt 159.—161. gr. og 41. gr. renna í rikissjóð.

Kæra má sérstaklega refsíákvæði samkvæmt 159., 160. og 161. gr., en ella fer um áfrýjun eftir 175. gr.

175. gr. hljóðar svo:

Skylt er dómsmálaráðherra að áfrýja dómi án kröfu ákærða:

1. Ef ákærða er dæmd 5 ára refsivist eða meira.
2. Ef stérstakar ástæður eru til, svo sem ef telja má mann ranglega sýknaðan eða sakfelldan, refsingu að mun of háa eða of lága, réttindi eða eign ranglega dæmda af manni, mann ranglega mæltan undan þessum viðurlögum, eða ranglega hallað á hann í forsendum dóms, þótt hann sé sýknaður, ef það hefur almenna þýðingu að fá úrlausn æðra dóms eða töluverð vafaatriði þykja annars vera í máli, hvort sem þau varða lög eða staðreyndir.

Skylt er dómsmálaráðherra að áfrýja eftir kröfu ákærða:

1. Ef ákærða er dæmd refsing eða upptaka eignar fyrir fyrsta sinni framið brot.
2. Ef dæmd refsing nemur 5000 króna sekt eða þriggja mánaða refsivist.
3. Ef ákærði er sviptur réttindum eða réttindamissi leiðir af sakfellingu hans.
4. Ef ákærða er nælt upptaka eignar, er nemur 5000 krónum. Jafnan er þriðja manni, sem með dómi skal sæta upptöku eignar, rétt að áfrýja að hætti einkamála, ef dómsmálaráðherra vill láta við dóminn sitja.

Lögráðamaður kemur í stað ákærða um ákvarðanir um áfrýjun, sbr. 177. gr., ef ákærði er yngri en 18 ára eða sviptur sjálfræði.

Að ákærða önduðum, koma maki hans, foreldri, barn, kjörbarn og systkin í stað hans um áfrýjun. Rétt er dómsmálaráðherra að áfrýja ákærða til hagsbóta eftir andlát hans.

202. gr. hljóðar svo:

Frá þeim degi, er lög þessi koma til framkvæmda, eru eftirfarandi lagafyrirmæli úr gildi numin:

Dönsku Lög Kristjáns fimmta, sbr. 1. gr. tilsk. 24. jan. 1838:

1—2—4, 13, 16, 19, 24 til 26.

1—5—12 og 13.

1—6—18.

1—8—1 til 3.

1—10—1.

1—12—1 til 3.

1—13—1 til 8, 12 til 20.

1—15.

1—17.

1—19.

1—20.

6—17—10.

- Tilsk. 21. maí 1751, um óbótamála meðhöndlun í Danmörku og Noregi.
Konungsbr. 16. febr. 1787, um varnarþing í sakamálum.
Kgbr. 23. okt. 1795, um þvingun við menn, sem eru undir rannsókn og vilja eigi svara spurningum, sem fyrir þá eru lagðar.
Tilsk. 3. júní 1796, um tilhlýðilega og greiða dómgæzlu, IX. kap.
Opið bréf um vottorð úr kirkjubókum í sakamálum, 5. maí 1797.
Tilsk. 8. marz 1799, að því leyti sem hún varðar almenn lögreglumál.
Tilsk. 31. maí 1799, um eignareid í þjófnaðarmálum.
Opið bréf 28. marz 1800, um reglur fyrir eignareidi í þjófnaðarmálum.
Kancellibréf 3. maí 1800, um að beita megi valdi til að láta menn mæta við próf í sakamálum.
Tilsk. 11. júlí 1800, með hverri á Íslandi stiftast landsyfirréttur, 19. gr.
Tilsk. 31. maí 1805, um áfrýjun sakamála til lands- og stiftsyfirréttanna í Danmörku og Noregi og á Íslandi.
Tilsk. 24. okt. 1806, um máflutningslaun við undirdóma, að því er opinber mál varðar.
Opið bréf (frá kancellíinu) um, að lagaákvæðin um fatalia appellationis (frest til áfrýjunar) nái ekki til sakamála, 25. jan. 1816.
Tilsk. 27. nóv. 1816, um skipti eftir andlegrar stéttar menn o. fl., 4.—6. gr.
Opið bréf 23. júlí 1819, er ákveður nánar forgangsrétt þann, er sumar kröfur eiga.
Kancellibréf um háyfirvaldamyndugleika til að ákvarða kostnað í opinberum málum, 30. júlí 1819.
Tilsk. 13. okt. 1819, um breyting á réttarfarinu í opinberum málum.
Kancellibréf um prófastsdóma, 31. maí 1823.
Kancellibréf 27. maí 1828, um innheimtu skaðabóta og málskostnaðar hjá dæmdum mönnum.
Tilsk. 24. jan. 1838, viðvikjandi misgjörningamálum á Íslandi, sbr. tilsk. nr. 12 23. ág. 1904, I. 11.
Tilsk. 8. sept. 1841, innihaldandi nánari reglur um bevisning í misgjörningsmálum.
Lög nr. 20 2. okt. 1891, um ákvarðanir, er snerta nokkur almenn lögreglumál.
Lög nr. 28 26. okt. 1893, um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl.
Lög nr. 62 14. nóv. 1917, um stefnufrest til íslenzkra dómstóla, 12. og 13. gr.
Lög nr. 112 18. maí 1935, um hæstarétt, 22., 23. og 30. gr., að því leyti sem hún tekur til opinberra mála.
Lög nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, 19. gr. 2. mgr.
Svo eru öll önnur fyrirmæli í lögum, er fara í bága við lög þessi, úr gildi numin.
Sérstök meðferð almennra lögreglumála er úr lögum numin.